



Hraunvallaskóli

VINÁTTA - SAMVINNA - ÁBYRGÐ

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 2.12. 2022. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:00-9:30.**

**Mættir:** Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir (fjarverandi), Aníta Ómarsdóttir, Sara Pálmadóttir, Geirþrúður Þórðardóttir (fjarverandi), Jenný Ósk Óskarsdóttir (fjarverandi), Agnes Jónsdóttir og Agnes Fjeldsted (fjarverandi).

Dagskrá:

## 1. Innra mat

Skólastjóri fór yfir nemendakönnun Skólapúlsins í 2.-5. bekk sem framkvæmd var í október síðastliðinn. Svarhlutfall var 94,2%. Niðurstöður sýna að skólinn er undir landsmeðaltali hvað varðar ánægju nemenda af lestri, yfir landsmeðaltali hvað varðar ánægju nemenda með skólann sinn og rétt undir landsmeðaltali hvað varðar vellíðan nemenda í skólanum. Skólastjóri fór líka yfir niðurstöður nemendahluta Skólapúlsins í 6.-10. bekk. Búið er að framkvæma 2 mælingar af 9 og því óráðlegt að lesa of sterkt í þær niðurstöður sem komnar eru en skólinn er ýmist undir eða yfir landsmeðaltali í þeim þáttum sem mældir eru.

## 2. Foreldrasamstarf

Foreldrastarfið er í miklum blóma um þessar mundir og fer vel af stað. Búið er að halda bekkjartenglafundi í öllum árgöngum og bekkjarkvöld í flestum árgöngum. Foreldraröltið er vel mannað og hefur ekki fallið niður. Skólinn og foreldrafélagið héldu saman fræðslukvöld þar sem Margrét Lilja Guðmundsdóttir sérfræðingur hjá Rannsókn og greiningu hélt erindi og Björg Ragnarsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir, kennarar við skólann, kynntu verkefni um vaxtarhugarfar sem verið er að vinna í skólanum í vetur. Þá var haldið Jólakaffihús á vegum 10. bekkja sem heppnaðist með eindæmum vel.

## 3. Fundur skólaráðs og nemendaráðs

Ákveðið var að halda fund skólaráðs og nemendaráðs þriðjudaginn 14. febrúar kl. 14:30. Dagskrá verður með líku sniði og á síðasta fundi.

## 4. Önnur mál

Reifaðar voru áhyggjur af mannekle starfsmanna vegna veikinda en mikið er um forföll um þessar mundir. Reynt er að fá afleysingarfólk eins og kostur er en það hafa komið dagar þar sem ekki hefur tekist að manna öll forföll. Fram kom að bærinn er að móta faliðunarstefnu til leiðbeiningar fyrir Frístundaheimili en svipuð staða er uppi hjá fleiri skólum og frístundaheimilum í Hafnarfirði.

*Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland*